

**Verklagsreglur**  
**vegna**  
**fjarfunda nefnda og ráða Reykjavíkurborgar.**

1. Fundir borgarstjórnar eru opnir en heimilt er að ákveða að einstök mál skuli rædd fyrir luktum dyrum. Þeir eru áfram opnir fyrir almenning jafnvel þótt þeir fari fram í gegnum fjarfundabúnað enda er gert ráð fyrir beinu streymi af fjarfundi.
2. Þegar um er að ræða lokaða fundi nefnda og ráða, sérstaklega fundi þar sem trúnaðarmál eru rædd skal hver og einn fundarmaður snúa myndavél í hring um herbergið til staðfestingar á því að enginn annar sé til staðar sem getur heyrt það sem fer fram á lokuðum fundi.
3. Áður en formlegur fundur hefst skal prófa fundarkerfin og tryggja að allir kunni þau tæknilegu atriði sem nauðsynleg eru til þess að fjarfundur geti verið árangursríkur. Opna skal fundinn tímalega áður en fundur hefst svo allir fundarmenn geti komið sér fyrir og tryggt að allur búnaður virki. Gott viðmið er að opna fund 20-30 mínútum áður en fundur hefst og að fundarmenn skrái sig inn 10-15 mínútum áður en fundur hefst
4. Verið búin að fara yfir hagnýt atriði varðandi fundarstjórn. Mælt er með því að spjallþræðir séu notaðir til að biðja um orðið þannig að formaður fylgist með hver hefur óskað eftir orðinu. Starfsmaður/ritari fundarins getur þá deilt fundargögnum á skjá og ritað fundargerð svo formaður geti einbeitt sér að fundarstjórninni.
5. Fundarmenn skulu tryggja að internetsamband sé gott þar sem þeir eru staddir, og að tölvubúnaður og heyrnartól séu fullnægjandi til að taka þátt í fundinum. Best er að hafa tvo tölvuskjáa þannig að hægt er að hafa fundinn á einum skjá en fundargögn á öðrum skjá. Einnig er hægt að skipta skjánum í tvennt. Æskilegt er að vera með góð heyrnartól sem einnig eru með hljóðnema.
6. Í fundargerðar skal koma fram hvaða ráðsmenn taka sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði.
7. Á lokuðum fundum skal fundarmaður vera einn í herbergi og skal tryggja að aðrir aðilar geti ekki gengið inn meðan á fundi stendur. Er þetta sérstaklega mikilvægt ef til umræðu eru trúnaðarmál. Fundarmenn skulu nota myndavél til staðfestingar á því að réttir fundarmenn sitji fundinn. Fundarmenn skulu hafa slökkva á hljóðnema sínum á fundinum nema þegar þeir eru með orðið nema til að lágmarka truflun.
8. Í lok fundar skal deila fundargerð á skjá með ráðsmönnum og lesa hana upp. Þegar ráðsmenn eru samþykkið skulu þeir senda tölvupóst til fundarritara þar sem fram kemur að viðkomandi staðfestir fundargerð fundarins. Í póstinum skal koma fram númer fundarins, heiti stjórnar/nefndar/ráðs og nafn þess er staðfestir fundargerðina. Frágangur fundargerðar ásamt tölvupóstum er staðfesta fundargerð skal vera með sama hætti og venjulega.

**Skrifstofa borgarstjórnar**  
**23. mars 2020.**